

Nd.

131. Frumvarp

til laga um bókasöfn prestakalla.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Stofna má bókasöfn fyrir prestaköll með bókagjöfum og bókakaupum, svo sem nánar er tiltekið í lögum þessum.

2. gr.

Til bókasafna prestakalla skulu einkum keyptar bækur guðfræðilegs og heimspekilegs efnis. Þó má og kaupa til safnanna almennar fræðibækur og úrvals skáldrit. Bókasöfnin mega þiggja bækur að gjöf, hvers efnis sem eru.

3. gr.

Nú vill sóknarprestur stofna eða auka við bókasafn prestakalls síns. Skál hann þá fyrir júnílok ár livert senda „bókanefnd prestakalla“ skrá yfir bækur þær, er hann óskar að fá í bókasafnið, og greiða $\frac{1}{4}$ verðs þeirra innbundinna og flutningsgjalds fyrirfram.

4. gr.

Bókanefnd prestakalla skipa þrjú menn. Kýs prestastefnan tvo þeirra og einn varamann, en kirkjumálaráðuneytið skipar einn mann, kunnan að smekkvísi og þekkingu á bókmenntum. Nefndin skal kosin og skipuð til þriggja ára í senn og skiptir sjálf með sér störfum. Kostnaður við störf bókanefndar greiðist af bókakaupafé.

Bókanefnd skal veita leiðbeiningar um val bóka, annast kaup á þeim og úrskurða um það, hvort bækur fullnægi skilyrðum 2. gr. Nefndin sker úr um það, hverjum skuli veita styrk til bókakaupa og hvaða bækur skuli kaupa af þeim, sem óskað er eftir, þegar umsóknir fara fram úr því, sem hámark ríkisstyrks leyfir.

Bókasöfn afskekktu prestakalla skulu ganga fyrir öðrum um styrkveitingar.

5. gr.

Nú hefir bókanefnd borizt beiðni um útvegum bóka samkvæmt 3 gr. og kemur beiðnin eigi í bága við fyrirmæli 2. greinar laga þessara. Útvegur hún þá bækurnar, en ráðuneytið ávísar bókanefndinni, eða bóksala hennar, $\frac{3}{4}$ kostnaðar úr ríkissjóði, gegn því að bækurnar verði eign bókasafns prestakallsins. Þó má ekkert ár verja meiru fé úr ríkissjóði í þessu skyni en 4 þús. kr. samtals.

6. gr.

Um leið og bókanefnd sendir presti bækur til bókasafns prestakalls hans samkvæmt lögum þessum, sendir hún prófasti skrá yfir bækur þær, er bókasafninu þannig bætast. Prestar skulu árlega senda prófasti skrá um gefnar bækur. Skál prófastur gera aðalskrá um bókasöfn í prófastsdæminu, sundurliðaða eftir prestaköllum.

7. gr.

Þegar prestur hefir veitt móttöku bókum samkvæmt lögum þessum, skál hann rita á þær nafn prestakalls síns og skrásetja. Prófastur lögildir bók undir bókaskrá prestakalls, og ber honum á skoðunarferðum sínum að hafa eftirlit með því, að bækurnar séu vel varðveittar.

8. gr.

Bókasafn prestakalls skál geymt á heimili prests. Presti er skylt að váttryggja safnið gegn eldsvoða.

Nú er prestakall prestslaust, og gerir prófastur þá þær ráðstafanir, er þurfa þykir, til öryggis safninu.

Við prestaskipti skal fara fram úttekt á bókasafni prestakallsins, og gerir prófastur þá fráfarandi presti að greiða bætur fyrir, ef á vantar og kenna má vangeymslu hans.

9. gr.

Presti er skylt að lána sóknarbörnum bækur úr bókasafni prestakalls síns, sér að bagalaus. Lántakandi er skaðabótaskyldur, þegar bækur skaddast eða glatast. Útlánaskrá skal fylgja hverju bókasafni. Skal prestur leggja kapp á, að bókasafn prestakallsins verði söfnuðinum að sem mestum notum.

10. gr.

Prestum og próföstum er skylt að gefa þær skýrslur um bókasöfn prestakalla, notkun þeirra og varðveislu, sem biskup fyrirskipar.